

Laxós ehf.
Jöklaseli 25
109 Reykjavík

12. janúar 2026
UOS2501521/S.H.J.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. október 2026 – ID 507

Þann 8. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Laxós ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.
Skv. tölvupósti frá framkvæmdastjóra fyrirtækisins eru engar framkvæmdir hafnar við uppbyggingu starfseminna. Engin starfsemi er því í gangi og þar af leiðandi engin losun frá starfseminni. **Fráviki er því lokað.**
2. 2. gr. reglugerðar nr. 206/2025 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Umhverfisupplýsingum skv. 1. og 2. mgr. ber að skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
Skv. tölvupósti frá framkvæmdastjóra fyrirtækisins eru engar framkvæmdir hafnar við uppbyggingu starfseminna. Engin starfsemi er því í gangi og þar af leiðandi engin losun frá starfseminni. **Fráviki er því lokað.**

Virðingarfyllst,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Teymi eftirlits

Kristín Kröyer
Teymi eftirlits